

Ársskýrsla 2021

FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Ársskýrsla 2021

@ Framvegis miðstöð símenntunar
Ábyrgðamaður Vigdís Þyri Ásmundsdóttir

Borgartún 20
105 Reykjavík

Sími 581 1900
Netfang framvegis@framvegis.is
Veffang www.framvegis.is

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Inngangur framkvæmdastjóra	3
Stjórn Framvegis og skipurit	8
Fræðslustarfið 2021	10
Námskeið fyrir sjúkraliða	11
Námskeið	13
Gott að vita - fyrirlestrar og námskeiðaröð Sameykis	15
Námsleiðir framhaldsfræðslunnar	18
Nám er tækifæri	21
Náms- og starfsráðgjöf	22
Raunfærnimat	23
Árangursrík framþróun	24
Ársreikningur 2021	27

Ávarp stjórnarformanns



Árið 2021 einkenndist af áskorunum í tengslum við COVID-19 líkt og árið þar á undan og hefur starfsfólk Framvegis tekist á við það af seiglu og fundið leiðir til að koma til móts við nemendur á skrítnum tímum. Vegna faraldursins þurfti að fresta því að halda upp á 20 ára afmæli Framvegis, en það stendur til að bæta úr því á þessu ári. Sú ánægjulega breyting varð á árinu að miðstöðin flutti í nýtt húsnæði í Borgartúni sem á eftir að þjóna starfseminni vel.

Meginverkefni Framvegis er að bjóða upp á valkosti innan framhaldsfræðslunnar fyrir fólk sem hefur ekki farið hefðbundna leið í skólakerfinu. Þetta gerir Framvegis m.a. í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð, Vinnumálastofnun og Fjölsmiðjuna. Framhaldsfræðslukerfið er fimmta grunnstoð menntakerfisins og gegnir lykilhlutverki þegar kemur að því að bregðast við þeim veruleika að á Íslandi er heildarfjöldi þeirra sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi meiri en í okkar nágrannalöndum samkvæmt tölum OECD.

En það er ekki bara brotthvarf sem er óvenjuhátt á Íslandi heldur líka há tíðni örorku meðal ungs fólks m.v. nágrannalöndin. Þegar tölur yfir ungt fólk á aldrinum 15-29 ára fyrir árið 2020 eru skoðaðar kemur í ljós að 9,4% þeirra eru óvirk, sem þýðir að þau eru ekki í starfi, námi né þjálfun. Ef þetta er greint niður í 15-19 ára þá eru 6,1% karla og 4,7% kvenna óvirk. Í hóp 20-24 ára eru 9,6% karla og 11,1% kvenna óvirk. Þeir sem eru hvorki í vinnu, námi né í annarri skiplagðri þjálfun eiga á hættu að verða félagslega einangraðir og skorta tækifæri til að bæta fjárahagsstöðu sína.

Framhaldsfræðsluhópurinn er fjölbreyttur og því er það áskorun fyrir framhaldsfræðsluna að finna leiðir til að skapa tækifæri fyrir þennan hóp. En stjórnvöld verða líka að gera framhaldsfræðsluni kleift að bjóða upp á sveigjanlegar lausnir og leiðir fyrir markhópin, þannig að hægt sé að bregðast hratt við þegar kemur að því að þjónusta markhópin í takt við þarfir atvinnulífsins bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf sem skrifað var undir árið 2021 er farið í algjöra uppstokkun þegar kemur að menntamálum og framhaldsfræðslan sett undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Fram kemur í sáttmálanum að skapa eigi jarðveg tækifæra þar sem menntun og mannauður er grundvöllur langtímahagvaxtar og velsældar til framtíðar. Það er sannarlega von undirritaðrar að nýtt ráðuneyti sjái tækifærin sem felast í samstarfi og samtali við þá sem hafa sinnt framhaldsfræðslunni. Lausnin að framtíðinni er samtalið sem byggir upp traust og þannig finnum við leiðina og vinnum saman að jöfnum tækifærum fyrir alla til að vera virkir í samfélaginu.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki Framvegis fyrir frábært starf og stjórnarmönnum þakka ég ánægjulegt samstarf.

Reykjavík, 25. apríl 2022

Jóhanna Þórdórsdóttir
Stjórnarformaður Framvegis

Ávarp framkvæmdastjóra



Síðastliðið starfsár hjá Framvegis var viðburðaríkt og árangursríkt. Eins og uppgjörið ber með sér gekk reksturinn vel og rekstrarafgangur umfram áætlanir. Tekjur hafa aukist jafnt og þétt hjá miðstöðinni og byggir þessi góði rekstur fyrst og fremst á hæfu og framtaksömu starfsfólki. Hér starfar faglegt og metnaðarfullt starfsfólk og er stefna miðstöðvarinnar að það hafi aðgang að allri þeirri þjálfun og fræðslu sem þarf til að takast á við örar breytingar og þróast í starfi. Hæft starfsfólk er lykillinn að þeirri nýsköpun og framþróun sem miðstöðin þarf á að halda til að ganga í takt við þarfir atvinnulífsins.

Tvennt má segja að staðið hafi upp úr á þessu viðburðaríka ári. Annars vegar var þetta 20. starfsár Framvegis en miðstöðin hefur starfað óslitið frá árinu 2001. Starfsemin hefur tekið miklum breytingum og vaxið á þessum tuttugu árum. Hins vegar flutti Framvegis á miðju ári í Borgartún 20, í húsnæði sem er fallega innréttað og lagað að þörfum starfseminnar. Það er ánægjulegt að segja frá því að starfsfólk og þeir sem sækja þjónustu hjá miðstöðinni telja nýjar aðstæður allar hinar bestu.

Þrátt fyrir að kórónuveirufaraldurinn hafi haldið áfram að setja mark sitt á alla starfsemina þá sýndi starfsfólkið enn og aftur hvað í því býr og vann þrekvirki undir síbreytilegum og krefjandi aðstæðum. Áfram voru miklar annir tengdar samkomutakmörkunum og var allt kapp lagt á að tryggja að fjölþætt þjónusta við viðskiptavinum væri sem næst óskert. Við nutum þess sannarlega að hafa um árabil lagt áherslu á stafrænar lausnir í

kennslu, ráðgjöf og við framkvæmd raunfærnimats. Það er óhætt að segja að viðskiptavinir kunni vel að meta aukna áherslu á stafræna starfsemi miðstöðvarinnar og séu duglegir að nýta þær tæknilausnir sem í boði eru.

Við erum stödd í miðri tæknibyltingu og gegnir Framvegis því mikilvæga hlutverki að forgangsraða úrbótum á sí- og endurmenntun í þágu þeirra hópa sem veikastir standa gagnvart stafrænum breytingum á vinnu- markaði. Þróunarverkefni, sem unnin voru á árinu, voru öll til þess fallin að veita markhópum miðstöðvarinnar tækifæri til bæta hæfni sína í tæknilæsi.

Framvegis leggur áherslu á víðtækt samráð við samstarfsaðila og aðra hagsmunaaðila við þróun náms fyrir einstaklinga og atvinnulífið. Fjölbreytt námstækifæri og margvíslegar námsleiðir voru framkvæmdar í samstarfi við eigendur miðstöðvarinnar, VIRK starfsendurhæfingarsjóð, Fjölmennt, Fjölsmiðjuna og Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins. Að auki var miðstöðin í samstarfi um að bjóða atvinnuleitendum að sækja nám á vottuðum námsleiðum og náms- og starfsráðgjöf í gegnum átaksverkefnið *Nám er tækifæri*.

Staðfesting á færni fólks er mikilvægur hvati til frekara náms og aukinnar hæfnipróunar á vinnumarkaði og er raunfærnimat ein þriggja stoða sem framhaldsfræðslan hvílir á. Nýtt raunfærnimat á móti sjúkraliðabraut var framkvæmt í fyrsta sinn hjá Framvegis á árinu í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Sjúkraliðafélag Íslands, Fjölbrautaskólann við Ármúla og Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Matið fór vel af stað og endurspegladi áhuginn

og þátttakan brýna þörf á fjölbreytilegum aðferðum við að auka hæfni fullorðins fólks á vinnumarkaði.

Það er ekki hægt að segja til um hver langtímaáhrif kórónuveirufaraldursins verða á menntakerfin en eitt er víst að eftir stendur stafræn umbreyting í námi og kennslu.



Við munum halda áfram að láta reyna á mörk nýsköpunar á sviði menntunar, mæta áskorunum af bjartsýni og leggja áherslu á að þróa miðstöðina í takt við breytta tíma til góðs fyrir alla hagaðila og samfélagið í heild. Mínu frábæra samstarfsfólki færi ég bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu.



Starfsemin


Námsframboð var fjölbreytt að vanda og var mikil vinna lögð í að laga nám að aðstæðum í samfélaginu hverju sinni. Reynsla ársins á undan kom sér vel í allri vinnu miðstöðvarinnar. Nemendastundum hjá Framvegis fjölgaði heldur miðað við árið á undan og þátttakendum í námi fjölgaði að sama skapi. Talsvert var um veikindi almennt í samfélaginu á árinu og fella þurfti niður nám sem ekki var hægt að

framkvæma eins og áætlanir stóðu til af þeim sökum að leiðbeinendur og þjónustupegar fóru ekki varhluta af því ástandi. Eftirspurn var mikil eftir stuttum námsleiðum sem skýrir fleiri nemendastundir og aukna þátttöku í námi hjá miðstöðinni. Meginskýringin á fjölda nemendastunda og fjölda námsmanna ársins 2017 og 2018 umfram árin á eftir er tímabundin námskeið sem haldin voru fyrir atvinnubílstjóra.



Næsta mynd sýnir samanburð á nemendastundum námskeiðsflokka undanfarinna þriggja ára. Á myndinni kemur fram að nemendastundum fjölgaði í öllum flokkum frá árinu á undan nema í flokki sjúkraliða. Í þeim flokki voru nemendastundir örlítið færri en síðasta ár. Vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar voru vel sóttar, nemendastundum fjölgaði lítillega en úthlutun fjármagns til málaflokksins stýrir að miklu leyti hvaða nám hægt er að bjóða fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Sú breyting var reyndar á að aukafjármagn kom inn í þennan málaflokk á árinu

í gegnum átakið *Nám er tækifæri* með samningum við Vinnumálastofnun. Atvinnuleitendur óháð menntunarstigi gátu nýtt sér námsleiðir framhaldsfræðslunnar. Fjölgun nemendastunda var mest í flokki námskeiða en þar undir eru opin námskeið og námskeið sem kennd eru í samvinnu við Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins, VIRK, Fjölmennt og fleiri samstarfsaðila. Umfang Gott að vita jókst lítillega miðað við árið á undan en þessi fyrirlestra- og námskeiðaröð er haldin í samvinnu við Sameyki stéttarfélag í almannna þjónustu fyrir félagsmenn þess.





Reksturinn

Áhrifin af kórónuveirunni héldu áfram að vera margþætt í allri starfsemi Framvegis á árinu 2021. Uppfæra þurfti reglulega áætlanir um rekstur með áherslu á sveiganleika til að tryggja sem best órofna starfsemi. Allar hagræðingar sem ráðist var í miðuðu að því að koma til móts við síbreytilegt og óútreiknanlegt rekstrarumhverfi. Ber jákvæð afkoma þess merki að vel hafi gengið að mæta áskorunum ársins og eru rekstrartekjur umfram rekstrargjöld rúmlega sex milljónir. Tekjur á milli ára jukust um tæplega þrettán milljónir og gjöld hækkuðu um rúmar tuttugu milljónir en þar vegur þyngst kostnaður vegna flutninga í nýtt húsnæði. Að teknu tilliti til fjármagnsliða nemur rekstarafgangur 6.070.055 kr. eins og sjá má í ársreikningi sem fylgir þessari ársskýrslu.

Þetta er annað árið í röð sem starfsemin var með óhefðbundu sniði og mjög sveiflukennd svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þrátt fyrir það er mat stjórnenda að vel hafi tekist að mæta sveiflum og rekstarlegum áskorunum og ber

reksturinn þess merki að vera traustur og stöðugur.

Erfiðar ytri rekstraraðstæður kölluðu á snör viðbrögð og útsjónarsemi starfsfólks sem að stærstum hluta skilaði skilvirkari þjónustu fyrir alla hagaðila miðstöðvarinnar. Áfram var stór hluti allrar stoðþjónustu Framvegis á rafrænu formi og var allt kapp lagt á að gæði þjónustunnar við viðskiptavinum væru ekki skert á nokkurn hátt. Þekking og tæknileg hæfni starfsfólks hefur vaxið jafnt og þétt á þessum kórónuveirutímum sem hefur að einhverju leyti straumlínulagað reksturinn og skilað skilvirkni sem áður var ekki fyrir hendi.

Á síðasta ársfundi Framvegis var tekin ákvörðun um að nýta rekstrarafgang þess árs til að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir því að skipta um húsnæði og laga það að þörfum starfseminnar. Hluti af þeirri aðgerð var að fjárfest var í tæknibúnaði ýmiskonar sem var orðið tímabært í ljósi þróunar á vinnu-markaði og þess að miðstöðin var komin í tækniskuld við þá sem sækja nám hjá henni.

Hagaðilar: eigendur – mannauður – viðskiptavinir – samfélagið

Hluthafar Framvegis


Eigendur og hluthafar Framvegis eru Sjúkraliðafélag Íslands sem á 43,14% og

Sameyki - stéttarfélag í almannapjónustu sem á 56,86%.

Stjórn Framvegis og skipurit

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á starfsemi Framvegis, stefnumótun og að starfsemi og rekstur sé í samræmi við samþykktir

miðstöðvarinnar og lög um framhaldsfræðslu. Skipuritið sýnir starfsemi miðstöðvarinnar á myndrænan hátt.



Stjórn Framvegis er skipuð eigendum miðstöðvarinnar, þremur fulltrúum frá Sameyki og tveimur fulltrúum frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Stjórn hélt 10 fundi á árinu og var ársfundur að þessu sinni haldinn 22. júní. Breyting varð á skipan stjórnar, Sandra B. Franks kom inn í stjórn fyrir Sjúkraliðafélagið og Guðrún Lárusdóttir fór úr stjórn og þökkum við henni fyrir ánægjulegt samstarf. Einnig varð breyting á skipan varamanna, Þórarinn Eyfjörð kom í stað Árna Stefáns Jónssonar



Jóhanna Þórdórsdóttir
stjórnarformaður
Sameyki - stéttarfélag í almannaþjónustu



Birna Ólafsdóttir
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands



Jakobína Þórðardóttir
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannaðjónustu



Bryngeir A. Bryngeirsson
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannaðjónustu



Sandra B. Franks
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands

Varamenn
Þórarinn Eyfjörð, Sameyki
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Sameyki
Gunnar Örn Gunnarson, SLFÍ

Starfsfólk Framvegis

Starfsmannahald var að mestu leyti óbreytt á árinu en fjórir starfsmenn eru í fullu starfi eins og árin á undan. 1. ágúst bættist við starfsmaður í 30% starfshlutfall. Framvegis hefur á að skipa tveimur náms- og starfsráðgjöfum sem sinna einnig verkefnastjórnun,

verkefna- og skrifstofustjóra, framkvæmdastjóra og nýjum starfsmanni sem verkefnastýrir námskeiðum sem kennd eru á erlendum tungumálum. Leiðbeinendur Framvegis, sem koma að kennslu og öðrum verkefnum, starfa allir sem verktakar en fjöldi þeirra á árinu var 116.



Helga Tryggvadóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Ingibjörg Kristinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Katarzyna Zofia Kudrzycka
Verkefnastjóri
30% starf



Líný Jóhannesdóttir
verkefnastjóri
100% starf





Vigdís Þyri Ásmundsdóttir
framkvæmdastjóri
100% starf

Fræðslustarfið 2021

Námsframboð var afar fjölbreytt á árinu og allt í allt voru haldin 125 námskeið og námsleiðir sem eru heldur fleiri en árið á undan eins og sést hér á myndinni fyrir neðan. Mikil áhersla var lögð á að mæta þörfum og eftirspurn mismunandi markhópa Framvegis. virkni- og starfsþróunarnámskeið voru fyrirferðarmikil í

starfseminni og voru atvinnuleitendur og fólki í starfsendurhæfingu stór hluti þjónustuþega. Námskeið fyrir atvinnubílstjóra voru haldin árin 2017 og 2018 sem skýrir að stórum hluta mikinn fjölda námskeiða í þeim súlum. Tekin hefur verið ákvörðun um að ekki verði áframhald á námskeiðum fyrir atvinnubílstjóra hjá Framvegis.



Námskeið fyrir sjúkraliða

Námskeið sjúkraliða hafa verið einn meginstofn í námskeiðahaldi frá stofnun Framvegis. Skipulögð voru 29 námskeið fyrir sjúkraliða á árinu og voru þau öll starfstengd og hægt að meta til launa fyrir stéttina. Námskeiðin voru skipulögð með það fyrir augum að hægt væri að sækja þau í fjarnámi sem og staðnámi. Fella þurfti niður nokkur námskeið á árinu. Meginskýringin er sú að leiðbeinendur á þessum námskeiðum starfa flestir í

heilbrigðisgeiranum og voru því útsettari fyrir kórónuveiruveikindum en flestir aðrir. Var því nokkuð um veikindaforföll leiðbeinenda. Skráning á námskeiðin var eftir sem áður góð en engu að síður má meðal annars rekja færri þátttakendur til kórónuveirústandsins, samanber töflur hér að neðan. Flestir nýttu sér fjarkennsluformið með því að stunda námið heima og er það mikil breyting á námskeiðahaldinu frá því sem verið hefur.

Símenntun sjúkraliða: Vor 2021	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Hugræn atferlismeðferð (HAM)	17	12	204
Heimahjúkrun, aðferðir til að takast á við depurð og þunglyndi	8	12	96
Smitsjúkdómar og sýkingavarnir	32	8	256
Núvitund – álag í starfi sjúkraliða	32	8	256
Algengir líkamlegir sjúkdómar	24	12	288
Vítamín og steinefni, náttúrulyf, fæðubótaefni og heilsuvörur	25	8	200
Skaðaminnkun	11	5	55
Lífslokameðferð	37	8	296
Geðrofssjúkdómar*	0	8	0
Samskipti við sjúklinga - Samtalstækni og virk hlustun	31	8	248
Að gæta vel að sjálfum sér	15	5	75
Mis- of ofnotkun geðlyfja og ópíóða	40	8	320
Klínískar leiðbeiningar um næringu aldraðra	27	16	432
Bættur lífstíll, betri heilsa	20	12	240

*Námskeið féll niður

Símenntun sjúkraliða: Hausti 2021	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Skýrslugjöf (Rapport)*	0	8	0
Mis- og ofnotkun geðlyfja og óþióða	24	8	192
Skaðaminnkun	13	5	65
Velferðartækni - grunnur í stafrænum samskiptum	8	5	40
Erfðir og erfðaráðgjöf	12	5	60
Sár og sára	46	12	552
Ofbeldi og ofbeldishegðun*	0	8	0
Sálræn skyndihjálp - viðbrögð við sjálfsvígshættu*	0	5	0
Sjúkraflutningar	17	8	136
Tann- og munnhirða er heilbrigðismál	9	8	72
Heilsa og líðan í starfi	12	8	96
Sykursýki og næring	40	8	320
Lausnamiðuð nálgun*	0	12	0
Hjarta og kransæðasjúkdómar	21	8	168
Öldrunarlyfjafræði	31	16	496
Samtals	552	254	5163

*Námskeið féll niður

Það vekur athygli hvað sjúkraliðar eru duglegir við að sækja sér símenntun til að efla sig í starfi. Með stuðningi Sjúkraliðafélags Íslands hefur skapast mikil símenntunarmenning hjá stéttinni og hafa Framvegis og sjúkraliðar átt farsæla samleið alla tíð.

Eins og fram kemur í töflunni hér fyrir neðan fækkaði þátttakendum á námskeiðum sjúkraliða lítillega frá árinu á undan. Einhver skýring er að fella þurfti niður nokkur námskeið vegna veikinda leiðbeinenda og nokkuð var um forföll þátttakenda af sömu orsökum.

2018	2019	2020	2021
510	613	629	552

Reglulega eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur sem taka að sér sjúkraliða í verknámi á vinnustöðum. Ekki náðist að þessu sinni að halda leiðbeinendanámskeið. Þátttakendur síðustu ára er sem hér segir.

2018	2019	2020	2021
37	18	24	0



Námskeið

Áfram einkenndist námskeiðhald af þeim takmörkunum sem kórónuveirufaraldurinn setti okkur. Gott samstarf var við Vinnumálastofnun, VIRK starfsendurhæfingu, Fjölmennt, Fjölsmiðjuna og aðra samstarfs-

aðila Framvegis. Þrátt fyrir miklar áskoranir ber fjöldi námskeiða í þessum flokki þess vitni að mikið var lagt upp úr að laga fræðslustarfið að ástandinu og var því samfella í námskeiðahaldinu öllum til hagsbóta.

Námskeið: Vor 2021	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
CCC - Capacity career and conduct - enska	7	12	84
CCC - Capacity career and conduct - enska	10	12	120
CCC - Capacity career and conduct - enska	9	12	108
Fullkomin ferilskrá	8	12	96
Fullkomin ferilskrá	8	12	96
Fullkomin ferilskrá	7	12	84
Fullkomin ferilskrá	6	12	72
Fullkomin ferilskrá	8	12	96
Fullkomin ferilskrá	10	12	120
Fullkomin ferilskrá	9	12	108
Fullkomin ferilskrá	5	12	60
Færni ferill framkoma	5	12	60
Færni ferill framkoma	6	12	72
Færni ferill framkoma	5	12	60
Færni ferill framkoma	8	12	96
Færni ferill framkoma	8	12	96
Hagnýt atvinnuleit - spænska	9	15	135
Hagnýt atvinnuleit - spænska	10	15	150
Hagnýt atvinnuleit - spænska	11	15	165
Hagnýt atvinnuleit - enska	7	15	105
HAM fjarnámskeið	8	24	192
HAM fjarnámskeið	10	40	400
HAM fjarnámskeið - pólska	11	40	440
HAM fjarnámskeið - pólska	12	40	480
Námstækni sem virkar	10	18	180
S-in 4	5	8	40
Toppurinn	7	60	420
Toppurinn	7	60	420
Toppurinn	13	60	780
Toppurinn	12	60	720
UML - Upplýsinga og menningarlæsi - spænska	9	27	243
UML - Upplýsinga og menningarlæsi - enska	7	27	189

Námskeið: Hausti 2021	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
HAM - pólska	8	40	320
HAM - pólska	13	40	520
HAM - enska	9	40	360
CCC - Capacity career and conduct - enska	6	12	72
CCC - Capacity career and conduct - pólska	3	12	36
Fullkomin ferilskrá	8	12	96
Fullkomin ferilskrá	7	12	84
Fullkomin ferilskrá	5	12	60
Fullkomin ferilskrá	9	12	108
Landneminn - spænska	16	45	720
Landneminn - spænska	8	45	360
Landneminn - enska	10	45	450
Líf og heilsa - Fjölmennt	5	70	350
Námstækni sem virkar	1	18	18
S-in 4	4	8	32
Skýjalausnir	9	12	108
Toppurinn	8	60	480
Upplýsinga og menningarlæsi - enska	7	27	189
Samtals vor og haust	403	1.238	10.850

Námskeiðin voru talsvert fleiri en árið á undan eða 50 talsins og fjölgaði þátttakendum að sama skapi milli ára. Þessi hluti stafseminnar er í hvað mestum vexti og þróun sem kemur að einhverju leyti til vegna hraðra breytinga í atvinnulífinu og mætir þannig þörfum þess. Framvegis hefur fjárfest í tækjabúnaði sem nauðsynlegur er til þess að styðja námsmenn í þeirri hæfnipróun sem vinnu-markaðurinn kallar eftir.

Framvegis fékk leyfi Samgöngustofu 2016 til þess að kenna endurmenntunarnámskeið

fyrir atvinnubílstjóra samkvæmt námskrá Samgöngustofu sem innanríkisráðherra staðfestir. Þessi lögbundna endurmenntun er ætluð bílstjórum sem aka stórra bifreið í ökuréttindaflokki D1 og D til farþegaflutninga í atvinnuskyni og í flokki C1 og C til vöruflutninga í atvinnuskyni.

Þessi markhópur var fjölmennur fram til ársins 2018 hjá miðstöðinni. Ekkert námskeið var haldið á árinu fyrir þennan markhóp og eins og áður hefur komið fram mun ekki verða framhald á þjónustu við þennan markhóp hjá miðstöðinni.

Fjöldi námsmanna á námskeiðum síðast liðin ár:


2017	2018	2019	2020	2021
987	1478	351	284	408

Gott að vita


Fyrirlestra- og námskeiðaröðin hefur verið haldin mörg undanfarin ár fyrir félagsmenn Sameykis stéttarfélags í almennri þjónustu. Um er að ræða fjölbreytt og vönduð námskeið og fyrirlestra sem ætlað er að höfða til sem flestra félagsmanna. Þessir viðburðir eru fyrst og fremst hugsaðir til þess að vera mönnum til gagns og ánægju og eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Framvegis vinnur með nefnd Sameykis um framtíðarvinnumarkað við mótun dagskrár fyrir hverja önn þar sem aðkallandi málefni eru til umfjöllunar.

Upphaflega voru 40 námskeið og fyrirlestrar á dagskrá, 20 á hvorri önn, en vegna samkomutakmarkana urðu viðburðirnir 33 á árinu, 19 viðburðir á vorönn og 14 viðburðir á haustönninni. Á þá 33 viðburði í Gott að vita sem voru á árinu skráðu sig 613 manns en 456 mættu eða 74% sem er talsvert fleiri þátttakendur en árið á undan. Nær allir viðburðirnir voru fjarkenndir.

Fjöldi þátttakenda á GAV



Fjöldi viðburða á GAV



Fjölbreytt dagskrá var í boði eins og árin á undan og í töflunni hér fyrir neðan er upptalning á þeim fyrirlestrum og

námskeiðum sem Sameyki bauð félagsmönnum sínum að sækja á árinu:


Gott að vita: Vor 2021	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Fjarfundir	9	1,5	13,5
Fjarfundir	13	1,5	19,5
Heimur ostanna	31	2	62
S-in 4, fyrir atvinnuleitendur	9	48	432
Sjálfskraut og bjartsýni	31	1	31
Prjónanámskeið	9	9	81
Facebook, Instagram og ljósmyndun	14	6	84
Páskaeggjanámskeið	13	1,5	19,5
Páskaeggjanámskeið*	0	1,5	0
Ukulele fyrir lengra komna	4	13,5	54
Grunnatriði góðrar heilsu	32	1	32
Hvað er stafræn hæfni?	14	1	14
Ávaxtatré og ber	24	1,5	36
Hvað er ský (tölvuský)?	28	1	28
Franska fyrir ferðamenn	9	6	54
Prjónanámskeið	5	9	45
Fjármál við Starfslok	33	2	66
Hvað er sjálfvirkni og gervigreind?	3	1	3
Mikilvægi sorpflokkunar	11	1	11
Heildræn næring á þriðja aldurskeiðinu	10	6	60
Njótum en þjótum ekki	9	54	486

*Námskeið féll niður



Gott að vita: Haust 2021	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Haustlaukar	13	1,5	19,5
Þegar kona brotnar - og leiðin út í lífið á ný	16	1,5	24
Spænska*	0	18	0
Hvað er tölvuöryggi?*	0	1	0
Af kynslóðabilunum og öðrum bilunum í samskiptum fólks	9	1	9
Njótum en þjótum ekki*	0	54	0
Heimur ostanna	6	2	12
Örugg tjáning í rafheimum – og raunheimum	9	1,5	13,5
Hvað er sjálfvirkni og gervigreind?*	0	1	0
Lærðu að þrjóna peysu	5	9	45
Þegar karlar stranda – og leiðin í land*	0	1,5	0
Heimili og hönnun	19	2,5	47,5
Betri svefn	15	1,5	22,5
Fjármál við Starfslok	26	2	52
Heimur ostanna	13	2	26
Leikreglur karlmennskunnar	8	1	8
U3A Reykjavík – fræðsla og virkni*	0	1	0
Hvað er stýrikerfi?*	0	1	0
Ferilskrá	6	2	12
Samtals vor og haust	456	274	1923

*Námskeið féll niður



Námsleiðir framhaldsfræðslunnar

Framvegis hefur viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að annast framhaldsfræðslu á grundvelli laga um hana frá árinu 2010. Framvegis uppfyllir skilyrði laganna um framhaldsfræðslu hvað varðar hlutverk og markmið, skipulag náms og kennslu, aðstöðu og rekstur.

Með samningi við Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar kennir Framvegis vottaðar námskrár fyrir skilgreinda markhópa framhaldsfræðslulaga, þ.e. einstaklinga 18 ára og eldri með stutta formlega menntun.

Ekkert lát var á eftirspurn eftir námsleiðum framhaldsfræðslunnar en nú eins og stundum áður var fjármagn of lítið til þess að sinna eftirspurn og lítið til skiptanna að lokinni vorönn. Að þessu sinni var ekki viðbótarúthlutun um haustið úr Fræðslusjóði sem hafði hamlandi áhrif á fræðslustarfið hjá Framvegis eins og nærri má geta.

Framvegis hefur um langt skeið átt farsælt samstarf við tölvuskóla á höfuðborgarsvæðinu um kennslu á sérhæfðum námsþáttum sem snúa að tölvuvinnslu og tæknitengdum greinum í vottuðum námskrám sem miðstöðin býður upp á.

Vottaðar námskrár sem Framvegis kenndi eftir árið 2021:

Skrifstofuskólinn

Námið er 160 klukkustundir, að auki er gert fáð fyrir 160 klukkustundum án leiðbeinenda. Námið er starfstengt og hagnýtt, meta má það til 18 eininga á framhaldsskólastigi. Námið byggist á raunhæfum verkefnum tengdum almennri tölvuvinnslu, bókhaldi, tölvubókhaldi, viðskiptaensku, þjónustu á skrifstofu og sjálfstyrkingu. Boðið var upp á fjarkennslu í þessari námsleið. Skrifstofuskólinn var kenndur í samstarfi við Promennt.

Stökkpallur

Námið er 180 klukkustundir og skiptist í 4 námsþætti sem meta má til 10 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 1. þrepi íslenska hæfnirammans þar sem áhersla er lögð á að byggja upp samskiptafærni, efla sjálfstraust og þjálfa námsmenn til atvinnuþátttöku í mismunandi starfsumhverfi og til áframhaldandi náms. Stökkpallur var kenndur í samstarfi við Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu og VIRK.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Námið er 440 klukkustundir, þar af 288 með leiðbeinanda og skiptist í 18 námsþætti sem meta má til 22 eininga á framhaldsskólastigi. Tilgangur námsins er að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem sinna, eða hafa áhuga á að sinna, sölustörfum, markaðsmálum eða stofna til eigin reksturs. Boðið var upp á fjarkennslu í þessari námsleið. Sölu-, markaðs- og rekstrar-námið var kennt í samstarfi við Promennt.

Tækniþjónusta

Námið er 140 klukkustundir og skiptist í 8 námsþætti sem meta má til 7 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi íslenska hæfnirammans og er ætlað þeim sem sinna eða hafa áhuga á að sinna tækniþjónustu. Tækniþjónusta var kennd í samstarfi við NTV – tölvuskóla.

Tölvuumsjón

Námið er 334 klukkustundir, þar af 196 klukkustundir með leiðbeinanda og skiptist í 12 námsþætti sem meta má til 17 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi íslenska hæfnirammans. Tilgangur námsins er að efla hæfni þeirra sem vinna við, eða hafa hug á að vinna við, tölvuviðgerðir og að þjónusta tölvukerfi. Markmið námsins er að námsmenn öðlist grunnhæfni á sviði tölvuumsjónar. Námið var kennt í samvinnu við Promennt.

Uppléið – HAM

Námskráin felur í sér 40 klukkustunda nám, þar af 24 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist í 5 námsþætti. Námið er ætlað þeim sem vilja læra að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM), einna helst einstaklingum í markhópnum sem síst afla sér menntunar og greiða leið þeirra til áframhaldandi náms og virkni. Uppléið var kennt í samvinnu við Vinnumálastofnun á íslensku, ensku og pólsku undir átaksverkefninu *Nám er tækifæri*.

Tæknilæsi og tölvufærni



Námskráin er 45 klukkustunda nám, þar af 42 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntun og skiptist í 6 námsþætti. Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem líklegir eru til að sitja eftir á vinnumarkaði sökum tækni-framfara og breytinga á störfum sem þær hafa í för með sér. Markmið námskrárinnar er að auka tæknilæsi og tölvufærni námsmanna með það að leiðarljósi að efla hæfni einstaklinga til að takast á við breytingar og undirbúa þá þannig til að halda í við tækni-framfarir í atvinnulífinu.

Hér fyrir neðan er yfirlit með vottuðum námskrám framhaldsfræðslunnar sem kenndar voru hjá Framvegis á árinu 2021:

Námsleiðir framhaldsfræðslunnar	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Skrifstofuskólinn	14	160	2.240
Skrifstofuskólinn	9	160	1.440
Skrifstofuskólinn	9	160	1.440
Fagnám í umönnun fatlaðra	10	166	1.660
Stökkpallur	12	180	2160
Stökkpallur	11	180	1.980
Sölu- markaðs og rekstrarnám - seinni hluti	10	148	1.480
Sölu- markaðs og rekstrarnám - fyrri hluti	15	140	2.100
Tölvuumsjón	10	196	1.960
Tölvuumsjón	11	196	2.156
Sölu-, markaðs- og rekstrarnám - seinni hluti	15	148	2.220
Samtals	126	1.834	20.836

Umfang vottaðra námsleiða breyttist lítið frá árinu á undan, þátttakendur voru örlítið færri en nemendastundum fjölgaði lítillega.

Brottfall var svipað og árið á undan en þá var það aðeins meira en í venjulegu árferði líklega má rekja það til ástandsins í samfélaginu.



Nám er tækifæri

í samvinnu við Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu

Vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar voru kenndar í samvinnu við Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu í gegnum samninga um nám er tækifæri. Framvegis brást hratt við til þess að mæta óskum Vinnumálastofnunar og undirbjó í lok árs 2020 námsleiðir til kennslu á íslensku, pólsku og ensku í samstarfi við samstarfsaðila. Þrátt fyrir mikinn undirbúning og vinnu hjá Framvegis gengu áætlanir ekki eftir varðandi verkefnið á árinu. Eftirspurn eftir námsleiðum framhaldsfræðslunnar reyndist

vera minni á höfuðborgarsvæðinu en gert var ráð fyrir. Símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni gekk betur að koma á námsbrautum en miðstöðvunum tveimur á höfuðborgarsvæðinu. Þessi útkoma byggist fyrst og fremst á mismunandi áherslum og aðferðum Vinnumálastofnunar við nýtingu á fjármagni og þjónustu við markhópinn.

Þær námsleiðir sem voru kenndar hjá Framvegis undir merkjum *Nám er tækifæri* voru eftirfarandi:

Nám er tækifæri	Þátttakendur	Klukkustundir	Nemendastundir
Tæknilæsi og tölvufærni	13	43	559
Tæknilæsi og tölvufærni - enska	6	43	258
Uppléið - HAM - pólska	6	24	144
Uppléið - HAM - pólska	7	24	168
Uppléið - HAM - íslenska	9	24	216
Samtals	41	158	1345



Náms- og starfsráðgjöf

Framvegis hefur boðið upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar frá árinu 2015. Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa hjá Framvegis og sinna þeir einnig verkefnastjórnun og kennslu á námsleiðum framhaldsfræðslunnar og námskeiðum. Áhersla hefur verið lögð á hópráðgjöf til námsmanna sem sækja nám á námsleiðum og hafa viðfangsefni hópráðgjafarinnar snúist um sjálfstyrkingu, áhugasvið, áætlanagerð, markmiðasetningu og færni í starfsleit. Hópráðgjöf er góð leið til að ná til námsmanna, kynna þeim náms- og starfsráðgjöf og styðja þá og styrkja á ýmsan hátt.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að veita námsmönnum aðhald, t.d. hvað varðar mætingar, og haft er samband við þá sem farið er að fatast flugið. Þeim er boðin ráðgjöf, s.s. um áætlanagerð sem miðar að því að ljúka námi, auk hvatningar og stuðnings. Þessi stuðningur virðist ýta undir að námsmenn ljúki námi og brotthvarf minnki.

Viðtöl

Á árinu 2021 voru tekin alls 577 viðtöl. Í töflunni má sjá hvernig þau skiptust niður eftir flokkun Fræðslusjóðs:

Viðtöl	Fjöldi	Hlutfall
Ráðgjafaviðtöl	269	48%
Hvatningarviðtöl	11	2%
Hópráðgjöf	277	50%
Samtals	577	100%

Ráðgjafa- og hvatningarviðtöl eru einstaklingsviðtöl. Engin tvö viðtöl eru eins enda aðstæður fólks og verkefni þess mismunandi. Viðtölin fela yfirleitt í sér ígrundun á starfsþróun einstaklinga, m.a. út frá sjálfsskoðun, styrkleikum,

áhugahvöt, starfshæfni, markmiðasetningu, ferilskrárgerð og áætlun um næstu skref. Mikil áhersla er lögð á trú á eigin getu og að rætur hvers og eins liggi í áhuga, gildum og styrkleikum í samspili við reynslu og umhverfi og að allt þetta hefur áhrif á þróun náms- og starfsferil einstaklings.

Mörg koma í viðtal í framhaldi af hópráðgjöf og nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa, önnur koma af götunni eða þau sem finna þjónustu náms- og starfsráðgjafar Framvegis á netinu. Nokkur fjöldi viðtala tengist raunfærnimati auk þess sem námsmenn á völdum námsleiðum eru boðaðir í viðtöl annað hvort áður en nám hefst eða meðan á því stendur. Ástæður fyrir komu í einstaklingsviðtal geta verið margvíslegar, t.d. kemur fólk sem íhugar nám eða raunfærnimat eftir jafnvel áratuga hlé frá skóla, hefur áhuga á að breyta til eftir langan tíma í sama starfi, langar til að styrkja sig á vinnu- markaði eða eru í leit að nýjum náms- og/eða starfstækifærum.

Eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf er mikil og dugar framlag úr Fræðslusjóði ekki fyrir kostnaði við náms- og starfsráðgjöf út árið. Framvegis fékk á árinu kr. 4.960.000 úthlutað í náms- og starfsráðgjöf sem var nýtt að mestu á vorönn. Á árinu bauð Framvegis náms- og starfsráðgjöf í samvinnu við Vinnumálastofnun höfðuborgarsvæðisins í gegnum *Nám er tækifæri* sem gekk einkar vel og urðu þau 57 talsins.

Heildarfjöldi viðtala náms- og starfsráðgjafa síðustu 4 ár.

2018	2019	2020	2021
397	581	504	577

Raunfærnimat


Framvegis framkvæmir raunfærnimat á móti námskrá Tölvubrautar Upplýsingatækni-skólans, Sjúkraliðabraut og raunfærnimat í almennri starfshæfni á móti viðmiðum atvinnulífsins. Almenn starfshæfni er sú hæfni sem einstaklingar þurfa að búa yfir til þess að taka virkan þátt í samfélaginu, vera á vinnumarkaði og þróast í starfi. Matið gefur ekki einingar í formlega skólakerfinu. Í raunfærnimatinu á tölvubraut eru faggreinar brautarinnar til

mats og eru matsmenn tveir kennarar á brautinni. Raunfærnimat á sjúkraliðabraut var framkvæmt í fyrsta sinn á árinu og voru 20 einingar til mats og matsmenn þrír kennarar á brautinni í tveimur skólum. Í töflunni má sjá fjölda þátttakenda og metnar einingar á árinu.

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir raunfærnimat ársins 2021:

Raunfærnimat	Þátttakendur	Metnar einingar		
		Alls	Meðaltal	Spönn
Tölvubraut	4	350	87,5	35 - 155
Sjúkraliðabraut	11	125	11,4	5 - 20
Almenn starfshæfni	7			
	22	475		

Nú hafa 52 einstaklingar klárað raunfærnimat á móti Tölvubrautinni hjá miðstöðinni og bættust 11 við á árinu sem luku raunfærnimati á sjúkraliðabraut. Hafa einhverjir náð að nýta sér matið til styttingar á formlegu námi. Mat á raunfærni gefur fullorðnu fólki á vinnumarkaði viðurkenningu á færni sinni og möguleika á að halda áfram námi þar sem það er statt í þekkingu og færni en ekki þar sem formlegu námi lauk.



Árangursrík framþróun

Aukin þekking og nýsköpun er lykillinn að framþróun og stöðugt viðfangsefni á öllum sviðum starfseminnar. Starfsfólk miðstöðvarinnar leitar ávallt að betri leiðum til velgengni; þekkingarleit og deiling þekkingar með öðrum er sá grunnur sem Framvegis byggir á. Nú bar svo við að vegna mikilla anna treysti Framvegis sér ekki til að sækja um styrki til nýsköpunar í Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar eins og undanfarin ár.



Þróunarverkefni

Tveimur þróunarverkefnum lauk hjá Framvegis á árinu. Rafrænt námsefni fyrir leiðbeinendur í framhaldsfræðslu var unnið með Farskólanum á Sauðárkróki og í samvinnu við Hróbjart Árnason lektor við Háskóla Íslands og sérfræðing í kennslufræði fullorðinna. Náms efnið er orðið aðgengilegt á rafrænu formi fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu.

Námskráin Sterkari starfskraftur, sem unnin var með Fræðslusetrinu Starfsmennt, fékk vottun Menntamálastofnunar og í framhaldinu sett á verðlista Fræðslusjóðs. Er námskráin því orðin aðgengileg öllum þeim fræðsluaðilum sem hafa samning við Fræðslusjóð.

Framvegis fékk úthlutað fjármagni til þess að vinna námskrá fyrir markhópin um forritun. Vinna við gerð námskrárinnar hófst í byrjun árs í samstarfi við Skema og fleiri samstarfsaðila. Námskráin var tilraunakennd í samvinnu við Fjölsmiðjuna og að því loknu send í vottunarferli hjá Menntamálastofnun.

Eitt hæfnigreiningarverkefni var í farvatninu hjá miðstöðinni en það snýst um að hæfnigreina starf skólaliða. Vinna við verkefnið hófst 2019 og var planið að henni mundi ljúka á vorönn 2020. Framvegis fékk frest til þess að freista

þess að ná að ljúka því á árinu en því miður vegna aðstæðna og eðlis verkefnisins náðist ekki að vinna verkefnið og var fjármagninu skilað.



Fræðslugreiningar

Ekkert greiningarverkefni var unnið hjá miðstöðinni á árinu en Framvegis er með tvo Markvissráðgjafa sem sinna ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana. Ráðgjöfin felst í því að greina fræðsluþarfir þeirra og hæfni starfsmanna og stuðla þannig að eflingu og þróun mannauðs. Aðferðafræði Markviss byggir á því að stjórnendur og starfsmenn vinni saman að þeirri hæfniuppbyggingu sem fyrirtækið eða stofnunin er í þörf fyrir.

Ennfremur tekur Framvegis þátt í verkefninu 'fræðslustjóri að láni' sem fólgið er í því að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja og stofnana.



Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Í gildi er samstarfssamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um Hæfnisetur ferðapjónustunnar. Markmið samningsins er miðlun og efling fræðslu til fyrirtækja og starfsfólks í ferðapjónustu. Hæfnisetur ferðapjónustunnar er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðapjónustu á Íslandi. Vegna þess ástands sem kórónuveirufaraldurinn hafði á þessa atvinnugrein þá frestuðust öll verkefni og ófyrirséð hvernig framhaldið verður.



Stefna og gæðastarf

Í árslok 2018 hlaut stöðin EQM+ vottun sem tekur til allra starfsþátta, þ.e. fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Starfsfólk og verktakar vinna samkvæmt viðurkenndum verkferlum í samræmi við vottunina til þess að tryggja fagleg og skilvirk vinnubrögð. Vottunin er til þriggja ára og átti úttekt að fara fram í lok árs 2021. Hér eins og víðar olli kórónuveiran því að fresta varð úttekt fram á vorönn 2022.

Haldið var áfram vinnu við innleiðingu vinnubragða til samræmis við nýja persónuverndarlöggjöf sem tók gildi 25. maí 2018. Löggjöfin gerir mun meiri kröfur en áður til varðveislu persónugreinanlegra gagna, s.s. verndar einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Vinnslusamningur var gerður við nýjan þjónustuaðila tölvukerfis Framvegis á árinu.

Nýjar áherslur í starfsemi Framvegis voru markaðar 2019 og ný stefna gerð í framhaldinu. Stefnan miðar að því að nýta tækni til framfara í öllu starfi Framvegis og skapa umhverfi til nýsköpunar fyrir starfsfólk til þróunar í starfi sem og til framþróunar starfseminnar. Stefnuskjal inniheldur framtíðarsýn, gildi og markmið sem eru útfærð í aðgerðaráætlun í fimm liðum. Til stóð að stjórn og starfsfólk Framvegis héldi áfram að vinna eins og hægt var samkvæmt aðgerðaráætlun.

Gildi Framvegis eru: **framsækni, fagmennska, árangur, virðing.**



Starfsþróun

Atvinnulífið er í stöðugri þróun, nýsköpun og örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingar endurnýi stöðugt þekkingu sína og færni. Framvegis leggur upp úr því að starfsfólk hafi tækifæri til þess að auka hæfni sína og þróast í starfi. Vel upplýst starfsfólk er lykillinn að því að starfsemi miðstöðvarinnar þróist og haldi í við örar breytingar á vinnumarkaði. Tveir starfsmenn Framvegis hófu diplómanám í jákvæðri sálfræði við Endurmenntun Háskóla Íslands, haustið 2021 og munu útskrifast vorönn 2022. Þessi viðbót verður eflaust virðisaukandi fyrir miðstöðina.



Önnur starfsemi

Stofuleiga

Boðið er upp á stofuleigu sem hentar vel fyrir fundi, fyrirlestra og námskeið, einnig er hægt að vera með fjarfundi. Hafa ýmsir aðilar nýtt sér þessa þjónustu hjá Framvegis á árinu.

Fagráð sjúkraliða

Tvisvar á ári er fagráð sjúkraliða hjá Framvegis kallað saman til að ráðgast um námsframboð fyrir sjúkraliða. Miðstöðin byggir framboð sjúkraliðanámskeiða á greiningu á fræðsluþörfum sem fer fram í gegnum vinnu með fagráðinu. Fagráðið skipa fulltrúar frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Fjölbrautaskólanum í Ármúla auk sérfræðinga frá t.d. Landlæknisembættinu og Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Kvasir

Framvegis er aðili að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Rétt til aðildar að samtökunum eiga svæðisbundnar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi sem sinna símenntun og öðrum verkefnum skv. samningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Á vegum Kvasis eru haldnir árlegir vor- og haustfundir þar



sem starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna ber saman bækur sínar. Kvasir stendur vörð um hagsmuni símenntunarmiðstöðvanna og námsmanna þeirra. Stöðvarnar sem eiga aðild að Kvasi eru 11 talsins.

Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á landinu og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Framvegis á aðild að samtökunum og situr Vigdís Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri Framvegis í stjórn Leiknar sem gjaldkeri. Meginstarfsemi samtakanna er að stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annarsvegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hinsvegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.



Fjarkennsla og stafræn þróun

Kóvídheimsfaraldurinn hafði þær afleiðingar í för með sér að færa þurfti allt nám á netið í fjarkennslu. Áfram reyndi á tæknilegan sveiganleika og sameinaðist starfsfólk og leiðbeinendur um að finna út hvaða kerfi voru best til þess fallin að þjóna þörfum námsmanna sem og mismunandi námsframboði. Þau fjarkennslukerfi sem reyndust hvað best voru meðal annars G-Suite for Education, Teams og Zoom. Nýting tækninnar og þróun náms á rafrænu formi tók stökk hjá miðstöðinni sem til lengri tíma mun ýta enn frekar undir fjölbreyttari kennsluaðferðir og hæfni til þess að koma til móts við mismunandi þarfir markhópa Framvegis.



Kynningar- og markaðsmál

Samfélagsleg ábyrgð er einn af þeim þáttum sem Framvegis hefur lagt áherslu á að sinna markvisst undanfarin ár og eru umhverfismál hluti af þeirri vinnu. Ábyrgðin felur í sér að draga úr pappírnotkun og að kynningarefni Framvegis sé á rafrænu formi. Námsframboð sérhverrar annar er kynnt á vefsíðu miðstöðvarinnar ásamt annarri þjónustu sem miðstöðin býður upp á og voru veffréttabréf send út til markhópa með vísan í vefsíðuna. Námsframboð fyrir sjúkraliða er birt í blaði félagsins, Sjúkraliðanum, fyrir hverja önn í samvinnu við Sjúkraliðafélag Íslands og Gott að vita námskeiðin, sem unnin eru í samvinnu við Sameyki, eru birt í blaði stéttarfélagsins í upphafi annar. Auglýsingar voru birtar í fréttablöðum Sameykis en einnig var birt auglýsing aftan á vaktadagbók Sjúkraliðafélags Íslands eins og undanfarin ár.

Að auki notar Framvegis Facebook-síðu sína til kynningar og birtingar fréttar af starfinu. Tók Framvegis þátt í þeim viðburðum sem þykja henta til að nálgast markhóp framhaldsfræðslunnar hverju sinni sem og aðra markhópa miðstöðvarinnar.

Ársreikningur 2021

FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Tekjur		135.756.242	122.836.495
		<u>135.756.242</u>	<u>122.836.495</u>
Rekstrargjöld			
Námskeiða- og kennslukostnaður		58.167.258	44.074.422
Laun og launatengd gjöld		49.183.238	46.045.004
Húsnæðiskostnaður		9.776.171	9.284.967
Annar rekstrarkostnaður		10.523.580	8.967.728
Afskriftir	9	2.047.808	1.117.007
		<u>129.698.055</u>	<u>109.489.128</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		6.058.187	13.347.367
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	<u>11.868</u>	<u>227.306</u>
Afkoma ársins		<u><u>6.070.055</u></u>	<u><u>13.574.673</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr	2021	2020
Fastafjármunir	9		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og tæki		7.788.137	3.521.769
Hugbúnaður		1.173.976	1.467.470
Fastafjármunir alls		<u>8.962.113</u>	<u>4.989.239</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	8.678.668	9.406.529
Aðrar skammtímakröfur		2.600.000	0
Handbært fé	8	83.926.937	73.104.376
Veltufjármunir alls		<u>95.205.605</u>	<u>82.510.905</u>
Eignir samtals		<u>104.167.718</u>	<u>87.500.144</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýr	2021	2020
Eigið fé	10		
Hlutfé		5.202.000	5.202.000
Lögbundinn varasjóður		1.300.500	1.300.500
Óráðstafað eigið fé		80.193.399	74.123.344
Eigið fé alls		<u>86.695.899</u>	<u>80.625.844</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	11	13.034.598	1.935.450
Ógreidd laun og launatengd gjöld		4.437.221	4.327.234
Fyrirfram innheimtar tekjur		0	611.616
Skammtímaskuldir alls		<u>17.471.819</u>	<u>6.874.300</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>104.167.718</u>	<u>87.500.144</u>

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		6.070.055	13.574.673
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	2.047.808	1.117.007
Veltufé frá rekstri		<u>8.117.863</u>	<u>14.691.680</u>
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(1.872.139)	(1.036.138)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		<u>10.597.519</u>	<u>(1.455.706)</u>
		<u>8.725.380</u>	<u>(2.491.844)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>16.843.243</u>	<u>12.199.836</u>
 Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð fastafjármuna	9	<u>(6.020.682)</u>	<u>(1.239.482)</u>
		<u>(6.020.682)</u>	<u>(1.239.482)</u>
 Breyting á handbæru fé	8	<u>10.822.561</u>	<u>10.960.354</u>
Handbært fé í byrjun tímabils		73.104.376	62.144.022
Handbært fé í árslok		<u><u>83.926.937</u></u>	<u><u>73.104.376</u></u>